

Loftslagsstefna Grímsnes- og Grafningshrepps.

Drög

Febrúar 2022

Samið af Loftslags- og umhverfisnefnd.

Rýni frá: Atvinnumálanefnd, Steinari og Ragnari, Fræðslunefnd

Framtíðarsýn

Grímsnes- og Grafningshreppur vill vera í fararbroddi þegar kemur að loftslagsmálum. Sveitarfélagið getur gert fjölmargt til að ná því markmiði. Með markvissum aðgerðum í sorpmálum, umhverfismálum og með því að minnka eigin kolefnisspor er hægt að hafa mikil áhrif á framtíð íbúa sveitarfélagsins, markmiða Íslands og áhrifa okkar á jörðina. Loftslagsstefna sveitarfélagsins er liður í þeirri vegferð. Stefnan er sett fram í samræmi við 5. gr. c. í lögum nr. 70/2012 um loftslagsmál. Samkvæmt henni ber sveitarfélögum að setja sér loftslagsstefnu. Stefnan skal innihalda skilgreind markmið um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda og kolefnisjöfnun starfseminnar ásamt aðgerðum svo að þeim markmiðum verði náð.

Tilgangur

Tilgangur loftslagsstefnu Grímsnes- og Grafningshrepps er að draga úr heildaráhrifum loftslagsbreytinga á samfélagið. Hún inniheldur stefnu og markmið sveitarfélagsins í loftslagsmálum. Stefnuna skal endurskoða og uppfæra árlega.

Framkvæmd og ábyrgð

Ríkisstjórn Íslands hefur sett markmið um kolefnishlutleysi Íslands fyrir árið 2040. Grímsnes- og Grafningshreppur ætlar að taka virkan þátt í þessu ferli enda eru áhrif á loftslag jarðar á ábyrgð allra. Sveitarstjórn ber ábyrgð á stefnunni en loftslags- og umhverfisnefnd sér um endurskoðun hennar fyrir hönd sveitarstjórnar. Allir starfsmenn sveitarfélagsins bera ábyrgð á framfylgd stefnunnar. Sveitarfélagið tryggir starfsfólki sínu fræðslu til að ná þessum markmiðum, sérstaklega nýliðum.

Stefnumið og markmið

Megin markmið:

Grímsnes- og Grafningshreppur stefnir að því að draga saman losun gróðurhúsalofttegunda um XX% á kjörtímabilinu. Losun árið 2026 verði því að lágmarki XX% minni en árið 2021.

Mikilvægt er að allt starfsfólk, íbúar, fasteignaeigendur og atvinnurekendur sveitarfélagsins séu þátttakendur í þessu verkefni. Innan sveitarfélagsins eru öll hvött til að lágmarka úrgang, draga úr losun og vinna að umhverfismálum.

Sveitarfélagið setji saman viðbragðsáætlun vegna loftslagsbreytinga. Slík áætlun tekur meðal annars til hamfara vegna hlýnunar, breytinga á búsetu og atvinnuháttum og breytingum á tekjumódeli sveitarfélagsins sem og viðbrögðum og mótvægisáðgerðum vegna þessa.



Minnkað magn óflokkaðs úrgangs og aukin flokkun

Sveitarfélagið hefur í gegnum árin verið metnaðarfullt þegar kemur að úrgangsmálum. Með markvissum mælingum og hvatningarátökum stefnir sveitarfélagið á að minna hlutfall óflokkaðs úrgangs sem frá því fer um 5% frá fyrra ári.



Þessu markmiði verður meðal annars náð með aukinni fræðslu og verðskrá sem hvetur til meiri flokkunar. Allt starfsfólk, íbúar og fasteignaeigendur eru hvattir til að taka þátt í þessu verkefni. Rauntíma mælingar verða gerðar aðgengilegar á vef sveitarfélagsins svo fljótt sem auðið er.

Skrifstofur og starfseiningar sveitarfélagsins taka upp grænt bókhald á árinu 2023 og stefna að minnkun óflokkaðs úrgangs um 10% á ári frá fyrra ári út kjörtímabilið.

Þeir framleiðendur sem að starfa í sveitarfélaginu eru hvattir til að huga vel að sinni framleiðslu með tilliti til umbúða. Æskilegt er að hugað sé að öllum líftíma vöru þegar hún er framleidd, þar á meðal umbúðum og endurvinnslumöguleikum þeirra.

Vistvænir ferðamátar

Stefnt er að því að setja upp aðgengilegar hleðslustöðvar við mannvirki sveitarfélagsins. Þannig stuðlar sveitarfélagið að vistvænni ferðamátum.

Stefnt er að því að þær bifreiðar sem að sveitarfélagið á verði umhverfisvænni en nú er. Miðað er við að auka hlutfall hreinorkubíla og að sveitarfélagið reki engin ökutæki knúin jarðefnaeldsneyti árið 2028.

Áfram verður unnið í eflingu almenningsgangna innan sveitarfélagsins og út úr því í samvinnu við Strætó. Stefnt er að því að notkun almenningsgangna verði orðinn raunhæfur kostur fyrir alla íbúa, sérstaklega ungt fólk á framhaldsskólaaldri sem og starfsmenn sveitarfélagsins árið 2025.



Sveitarfélagið stefnir að því að bæta möguleika fólks til að nýta virka ferðamáta á borð við hjólreiðar og göngu innan sveitarfélagsins og milli þéttbýliskjarna þess meðal annars með því að bæta umferðarmannvirki og fjölga hjóla og göngustígum.

Skógrækt og uppbygging grænna svæða

Áframhaldandi skógrækt í sveitarfélaginu verði háð skipulagsskilyrðum. Stefnt er að því að setja niður að lágmarki 1000 tré í Yndisskógi á Borg ár hvert í samstarfi við Skógræktarfélag Grímsnesinga Sú skógrækt sem sveitarfélagið styrkir skal vera talin til mótvægisáðgerða. Æskilegt er að kolefnisbinding sem fæst með skógrækt sé eins jákvæð og hægt er og hafi sem minnst neikvæð áhrif á umhverfið.



Uppbygging grænna svæða á Borgarsvæðinu heldur áfram.

Vistvænni innkaup

Horft verður til umhverfismerkra vara í öllum innkaupum sveitarfélagsins. Mötuneyti sveitarfélagsins lágmarki soun auðlinda t.d. með vistvænum innkaupum úr nærsamfélaginu.

Útbúin verði umhverfisskilyrði fyrir allar nýframkvæmdir. Kröfur um blágrænar ofanvatnslausnir verða í öllum skipulagslýsingum í þéttbýli frá og með árinu 2023.



Við öll stærri verk á vegum sveitarfélagsins (5 milljónir eða meira) skal áætla kolefnislosun og umhverfisáhrif. Gera skal áætlun um mótvægisáðgerðir ef losun er yfir ákveðnu lágmarki.

Allir framkvæmdaraðilar í sveitarfélaginu fá aðgang að rafrænni fræðslu um flokkun sorps og umhverfisumgengni með framkvæmdarleyfi.

Betri nýting á orku

Sveitarfélagið hvetur starfsmenn, íbúa og fyrirtæki til að fara vel með orkuauðlindir. Starfsmenn fá fræðslu um orkusparandi umgengni. Á vegum sveitarfélagsins skal ávallt leitast við að kaupa orkusparandi tæki og búnað.



Stefnt er að því að minnka orkunotkun sveitarfélagsins og starfseininga þess um 5% á ári frá fyrra ári.

Starfsmenn sveitarfélagsins leitast við að minnka ferðalög vegna funda þar sem það er hægt.

Útbúin verði fjarvinnusvæði fyrir íbúa sem að geri þeim kleift að vinna nær heimili sínu með tilheyrandi orkusparnaði og bættum lífsgæðum.



DRÖG

Hugmyndir að leiðum til að ná þessum markmiðum:

- Hvert er markmið sveitarfélagsins í flugferðum? Verður einhver kvóti á því?
- Markmið sveitarfélagsins í losun vegna funda. Nú eru starfsmenn sem ferðast mjög mikið á fundi um allt land. Er markmið að lágmarka losun með því að hvetja til að fundir verði sóttir frekar á netinu?
- Sameiginlegur rafmagnsbílafloti sem starfsmenn geti nýtt sér á vinnutíma. Þá er hægt að hvetja til að starfsmenn komi saman á bíl og greiða samgöngustyrk.
- Hleðslustöðvar bara á Borg eða fleiri stöðum? Hvetja til hleðslustöðva við Sogsstöðvar og Nesjavelli. Hleðslustöð við Ásborgir og Sólheima?
- Styrkja líka skógrækt annarstaðar?
- Markmið sveitarfélagsins í endurheimt votlendis á lendum sveitarfélagsins og/eða styrkur til landeigenda til að endurheimt votlendis með Votlendissjóði?
- Árangursmælikvarðar hvers markmiðs?
- Kaup sveitarfélags á afurðum sem framleiddar eru í sveitarfélaginu?
- Setja stífar kröfur á föngun kolefnis verða jarðvarmavirkjana í sveitarfélaginu?
- Hvati í gatnagerðargjöldum til að byggja vistvæn hús og/eða meiri einangrun húsa til að minnka losun vegna kyndingar?
- Tvöfalt dreifikerfi hitaveitu til að nýta varma betur?
- Hvatar til notkunar varmadælna á köldum svæðum? Sparnaður á rafmagni.
- Árlegir kynningarfundir eða efni sem auglýst er á heimasíðu sveitarfélagsins?
- Stefna um verndun votlendis?
- Markmið um nýtingu á landsvæði í eigu sveitarfélagsins?
- Markmið um sameiginleg verkefni sveitarfélagsins? T.d. á seyrubíllinn að vera kolefnisjafnaður eða á hann að vera rafmagns/vetnisdrifinn?
- Hvati í skipulagsmálum í að minnka notkun heimilisbíls? T.d. þéttari byggð og nálægð við þjónustu. Eins og skipulagið á Borg er í dag þá er öll þjónusta í jaðri bæjarins en ekki miðju. Ýmsir hvatar sem geta leitt til frekari notkun á vistvænum samgöngum.
- Fráveita, hvert er markmiðið þar? Það á kannski heima frekar í umhverfisstefnu?
- Markmið vegna seyru? Eigum við að nýta hana hér í nærumhverfi?
- Flokkun á sorpi hér í nærumhverfi?
- Fleiri grenndarstöðvar?
- Minnka gróðurhúslosun með því að sleppa tunnum í þéttbýli?
- Minnka notkun klórs í sundlaug?
- Minnka orkusóun í sundlaug með dúk yfir laugina?
- Minnka innihita í opinberum byggingum.
- Meiri snjallvæðing í hitastýringum í opinberum byggingum
- Meiri snjallvæðing í ljósaþýringum í opinberum byggingum
- LED-væðing allra ljósa?
- Snjallmælar í hitaveituna til að minnka orkusóun og hvetja til sparnaðar?
- Markmið í prentun gagna? Á ekki allt að vera rafrænt?
- Hvatarblaðið, á að prenta það og senda?
- Nýting orku innan sveitarfélagsins. Á að hvetja ON og Landsvirkjun til að nýta framleidda orku frekar í nærumhverfi í stað þess að senda hana landshluta á milli með tilheyrandi tapi í flutningskerfum?
- Grænir iðngarðar á Nesjavöllum og nýting afgangsvarma? Á sveitarfélagið að mynda sér stefnu í þeim málum?

- Hvert er markmið sveitarfélagsins í orkunýtingu hér? Á að setja hitaveitu í öll hús? Á að hvetja til einhvers annars?

Tengsl við Heimsmarkmið Sameinuðuþjóðanna

7. Sjálfbær orka

Undirmarkmið:

7.2 Eigi síðar en árið 2030 hafi hlutfall endurnýjanlegrar orku af orkugjöfum heimsins aukist verulega.

7.3 Eigi síðar en árið 2030 verði orkunýting orðin helmingi betri.

8. Góð atvinna og hagvöxtur

Undirmarkmið:

8.3 Unnið verði að framgangi þróunarmiðaðra stefnumála sem styðja við afkastamikla framleiðslustarfsemi, frumkvöðlastarfsemi, sköpunarmátt og nýsköpun og fjölga mannsæmandi störfum. Lítil og meðalstór fyrirtæki fái meðbyr, meðal annars með aðgengi að fjármálaþjónustu.

8.6 Eigi síðar en árið 2020 hafi hlutfall ungmenna, sem eru atvinnulaus, stunda ekki nám eða þjálfun, lækkað verulega.

8.9 Eigi síðar en árið 2030 hafi verið mótuð og innleidd stefna í því skyni að stuðla að sjálfbærri ferðaþjónustu sem skapar störf og leggur áherslu á staðbundna menningu og framleiðsluvörur

9. Nýsköpun og uppbygging

Undirmarkmið:

9.1 Þróaðir verði traustir innviðir, sjálfbærir og sveigjanlegir, hvort sem er staðbundnir eða yfir landamæri, í því skyni að styðja við efnahagsþróun og velmegun þar sem lögð verði áhersla á jafnt aðgengi á viðráðanlegu verði fyrir alla.

9.4 Eigi síðar en árið 2030 verði innviðir styrktir og atvinnugreinar endurskipulagðar til að gera þær sjálfbærar, nýting auðlinda verði skilvirkari og í auknum mæli innleiði hvert og eitt land tækni og umhverfissvæna verkferla eftir getu.

10. Aukinn jöfnuður

Undirmarkmið:

10.2 Eigi síðar en árið 2030 verði öllum gert kleift að taka þátt í félagslífi og hafa afskipti af efnahagsmálum og stjórnmálum, án tillits til aldurs, kyns, fötlunar, kynþáttar, þjóðernis, uppruna, trúarbragða, efnahags eða annarrar stöðu.

11. Sjálfbærar borgir og samfélög

Undirmarkmið:

11.1 Eigi síðar en árið 2030 geti allir orðið sér úti um fullnægjandi og öruggt húsnæði á viðráðanlegu verði, fátækrahverfi verði endurbætt og grunnþjónusta standi öllum til boða.

11.2 Eigi síðar en árið 2030 geti allir ferðast með öruggum sjálfbærum samgöngutækjum á viðráðanlegu verði á bættu vegakerfi. Lögð verði áhersla á betri almenningssamgöngur sem taka mið af fólki í viðkvæmri stöðu, konum, börnum, fötluðu fólki og öldruðum.

11.a Stutt verði við jákvæð efnahags-, félags- og umhverfisleg tengsl milli þéttbýlis, þéttbýlla svæða í borgarjaðri og dreifbýlissvæða með því að styrkja áætlanir um byggðaþróun á landsvísu og innan svæða.

12. Ábyrg neysla og framleiðsla

Undirmarkmið:

12.2 Eigi síðar en árið 2030 verði markmiðum um sjálfbæra og skilvirka nýtingu náttúruauðlinda náð.

12.3 Eigi síðar en árið 2030 hafi sóun matvæla á smásölumarkaði og hjá neytendum minnkað um helming á hvern einstakling um heim allan. Nýting í matvælaframleiðslu og hjá birgðakeðjum verði bætt, þ.m.t. við uppskeru.

12.4 Eigi síðar en árið 2020 verði meðferð efna og efnablandna umhverfisvænni á öllum stigum, sem og meðhöndlun úrgangs með slíkum spilliefnum, í samræmi við alþjóðlegar rammaáætlanir sem samþykktar hafa verið. Dregið verði verulega úr losun efna og efnablandna út í andrúmsloftið, vatn og jarðveg í því skyni að lágmarka skaðleg áhrif á heilsu manna og umhverfið.

12.5 Eigi síðar en árið 2030 hafi forvarnir, minni úrgangur, aukin endurvinnsla og endurnýting dregið verulega úr sóun.

12.6 Fyrirtæki, einkum stór og alþjóðleg fyrirtæki, verði hvött til þess að innleiða sjálfbæra þróun í starfsemi sína og veita upplýsingar um sjálfbærni í skýrslum sem gefnar eru út á þeirra vegum.

12.7 Stuðlað verði að sjálfbæru verklagi við opinber innkaup í samræmi við innlenda stefnu og forgangsroðun.

12.8 Eigi síðar en árið 2030 verði tryggt að fólk um allan heim sé upplýst og meðvitað um sjálfbæra þróun og hvernig það getur lifað í sátt við náttúruna.

13. Aðgerðir í loftslagsmálum

Undirmarkmið:

13.1 Auka viðbragðsáætlanir og forvarnir við vá af völdum loftslagsbreytinga og náttúruhamfara alls staðar í heiminum.

13.2 Ráðstafanir vegna loftslagsbreytinga verði að finna í landsáætlunum, stefnumótunum og skipulagi.

13.3 Menntun verði aukin til að vekja fólk til meðvitundar um hvernig mannauður og stofnanir geta haft áhrif og brugðist við loftslagsbreytingum, þar á meðal með snemmbúnum viðbúnaði og viðvörðunum.

15. Líf á landi

Undirmarkmið:

15.1 Eigi síðar en árið 2020 verði vistkerfi á landi og í ferskvatni vernduð og stuðlað að sjálfbærri nýtingu þeirra og endurheimt, einkum skóga, votlendis, fjalllendis og þurrkasvæða, í samræmi við skuldbindingar samkvæmt alþjóðasamningum.

15.2 Eigi síðar en árið 2020 hafi tekist að efla sjálfbærni skóga af öllu tagi, stöðva skógareyðingu, endurheimta hnignandi skóga og auka verulega nýskógrækt og endurrækta skóga um allan heim.

15.3 Eigi síðar en árið 2030 verði barist gegn eyðimerkurmyndun, leitast við að endurheimta hnignandi land og jarðveg, þ.m.t. land sem er raskað af eyðimerkurmyndun, þurrkum og flóðum, og unnið að því að koma á jafnvægi milli hnignunar og endurheimtar lands í heiminum.

15.4 Eigi síðar en árið 2030 verði vistkerfi í fjallendi vernduð, meðal annars líffræðileg fjölbreytni þeirra, í því skyni að njóta ávinnings af nýtingu þeirra, sem er meginhugmyndafræði sjálfbærrar þróunar.

15.5 Gripið verði til brýnna og nauðsynlegra aðgerða til að sporna við hnignun náttúrulegra búsvæða og líffræðilegrar fjölbreytni. Eigi síðar en árið 2020 verði gripið til aðgerða til að vernda tegundir í bráðri hættu og koma í veg fyrir útrýmingu þeirra.

15.8 Gripið verði til ráðstafana eigi síðar en árið 2020 til að koma í veg fyrir aðflutning ágengra, framandi tegunda og dregið verulega úr áhrifum þeirra á vistkerfi á landi og í vatni. Tegundunum efst á lista verði útrýmt eða útbreiðslu þeirra eða fjölgun stýrt.

16. Friður og réttlæti

Undirmarkmið:

16.5 Dregið verði verulega úr hvers kyns spillingu og mútum.

16.6 Byggðar verði upp skilvirkar og ábyrgar stofnanir á öllum sviðum sem hafa gagnsæi að leiðarljósi.

16.7 Teknar verði ákvarðanir á öllum sviðum þar sem brugðist er við aðstæðum og víðtæk þátttaka tryggð.

16.b Lög og stefnumál á sviði sjálfbærrar þróunar, sem mismuna engum, verði eflað og þeim framfylgt.